

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagi, Eyrin á Ísafirði – Austurvegur, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. júní 2014 var samþykkt breyting á deiliskipulaginu Eyrin á Ísafirði.

Skipulagssvæðið, sem er 1,62 ha, er miðsvæðis á Eyrinni á Ísafirði og í jaðri miðbæjarins. Svæðið tekur til lóðar Grunnskólans á Ísafirði við Aðalstræti og Austurveg, Austurvegar 2, 9 og 11 og Silfurgötu 1 og 3 auk aðliggjandi hluta gatna og almenningsgarðsins Austurvallar.

Meginbreyting deiliskipulagsins felst í að Austurvegi milli grunnskólans (Aðalstræti 36) og Austurvallar (Austurvegur 5) og Sundhallarinnar (Austurvegur 9) er lokað að fullu, í stað þess að vera skilgreindur sem vistgata með lokun á skólatíma. Lóð skólans stækkar sem þessari lokun nemur.

Aksturstenging Aðalstrætis og Austurvegar breytist einnig, þannig að akstursleiðin verður rýmri. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að lokað verði fyrir vélknúna umferð milli kl. 7:40 og 14:00 þá daga sem starfsemi er í Grunnskólanum á Ísafirði.

Áfram er gert ráð fyrir bílastæðum á horni Austurvegar og Aðalstrætis en ekki gert ráð fyrir bílastæðum innan skólalóðar, nema vegna aðkomu fatlaðra. Bílastæði á lóðum Sundhallarinnar (Austurvegur 9) og Tónlistarskólans (Austurvegur 11) eru nánast óbreytt frá gildandi skipulagi, sem og bílastæði í Austurvegi austan skólalóðarinnar. Aðkoma að Austurvegi 7 verður áfram um lóð Sundhallarinnar (Austurvegar 9) líkt og í gildandi skipulagi.

Byggingarreitur innan Austurvallar (Austurvegur 5) er felldur út.

Fallið er frá breytingu sem gerð var á gildandi deiliskipulagi árið 2006, þar sem gert var ráð fyrir að rífa Silfurgötu 5 og Brunngötu 20 ásamt því að færa Brunngötu og stækka skólalóðina sem þessu nemur. Einnig er skólalóðin færð fjær Silfurgötu til að rýma fyrir bílastæðum.

Við gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar falla úr gildi tvær fyrri breytingar sem taka til skipulagssvæðisins, þ.e.:

Lóð tónlistarskóla Ísafjarðar, samþykkt 7. maí 1998.

Skólasvæði við Austurveg og Aðalstræti 36 á Ísafirði, samþykkt 17. júlí 2006.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 27. ágúst 2014.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.